

Alþingi
Erindi nr. P 138/478
komudagur 7.12.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30.11.2009

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.), 239. mál.

Samkvæmt frumvarpinu verður almenna virðisaukaskattþrepið hækkað úr 24,5% í 25% frá 1. janúar 2010 og nýtt 14% þrep tekið upp frá 1. mars 2010, en undir það þrep falli sykurvörur og óáfengar drykkjarvörur og sala veitingahúsa og kaffihúsa.

Samtök atvinnulífsins telja misráðið að fjölga skattþrepum í virðisaukaskatti. Aukið flækjustig í skattkerfinu eykur kostnað fyrirtækja við innheimtu skattsins, eykur hættu á undanskotum og eykur kostnað skattfyrvalda við eftirlit. Samtökin telja eðlilegra að hækka neðra þrepið í staðinn til þess að ná þeim tekjumarkmiðum sem að er stefnt.

Fyrir rúmum tveimur árum náðist sá mikilvægi áfangi að öll matvara og óáfengar drykkjarvörur voru skattlagðar í sama þrepinu og jafnframt voru vörugjöld af þessum vörum afnumin. Samtökin telja mjög miður að horfið sé frá þessari stefnumörkun, fyrst með upptöku vörugjaldanna á þessu ári og síðan með upptökun hins nýja þreps. Sú leið sem farin er samkvæmt frumvarpinu mismunar innlendum framleiðendum og mun hafa neikvæð áhrif á atvinnustig þar eftirspurn eftir þessum vörum er mjög næm fyrir verðbreytingum. Þá felst í þessari leið mismunun milli veitingahúsa, sem lagt er til að verði í 14% þrepinu, og t.d. matvöruverslana sem selja heitan mat með 7% skatti.

Samtök atvinnulífsins leggja til að í stað vörugjalda á matvæli og óáfengar drykkjarvörur verði tekinn upp sykurskattur og hann útfærður samkvæmt tillögu Samtaka iðnaðarins. Tillaga SI er í stórum dráttum að vörugjald á sykur verði lagt á tollnúmer 1701 og 1702 í tolli, endurgreiðslukerfi til íslenskra framleiðenda vegna vörugjalda á hráefnum verði lagt af og að sykurskattur verði lagt á sykurinnihald í öllum innfluttum matvörum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09.12.2009

Efni: Frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál

Í I. kafla frumvarpsins er lagt til að tekinn verði upp nýr skattur í formi kolefnisgjalds á fljótandi jarðefnaeldsneyti, þ.e. bensín, dísilolíu, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu, að fjárhæð 2,60-3.70 kr. á hvern lítra. Er áætlað að kolefnisgjaldið muni skila rúmlega 2,5 milljörðum króna í ríkissjóð árlega. Í II. kafla er lagt til að tekinn verði upp nýr skattur á selda raforku, 0,12 kr. á hverja kílóvattstund, og af heitu vatni, sem nemi 2% af smásöluverði á heitu vatni. II. kafli frumvarpsins er tímabundinn og fellur úr gildi í árslok 2012. Áætlaðar árlegar tekjur af skatti á raforku nema tæplega 2 ma.kr. og af heitu vatni um 0,2 ma.kr. Í heild er áætlað að árlegar tekjur af þessum nýju sköttum nemi því um 5,5 milljörðum króna.

Samtök atvinnulífsins hafa bent ríkisstjórninni á að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 eru settar fram tillögur um skattahækkunir sem eru umfram það sem gert var ráð fyrir við gerð stöðugleikasáttmála í lok júní og umfram greiðslugetu heimila og fyrirtækja. Einn alvarlegasti bresturinn sem orðið hefur í efnahagslífinu er að fjárfesting í atvinnulífinu hefur hrundið. Með stöðugleikasáttmálanum var leitast við að skapa skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti, nýrri sökn í atvinnumálum og að grunnur yrði lagður að bættum lífskjörum til framtíðar. Í því sambandi ber sérstaklega að varast að leggja auknar skattbyrðar á minnkandi skattstofna og eru skattar sem draga úr vilja og getu til fjárfestinga sérstaklega varhugaverðir sem og aukin skattbyrði og háir jaðarskattar sem draga úr verðmætasköpun fyrirtækja og möguleikum starfsfólks til bættra lífskjara.

Samtök atvinnulífsins vörðu meðal annars við algjörlega óraunhæfum og óútfærðum hugmyndum í fjárlagafrumvarpi um að leggja á 16 milljarða króna orku-, umhverfis- og kolefnaskatt. Ljóst er að skattformið er óæskilegt, kemur mjög illa við atvinnulífið og felur í sér alvarlega hættu á að mikilvægustu þáttun fjárfestingaráforma atvinnulífsins, sem hafa verið lengi í undirbúningi, verði hreinlega ýtt til hliðar. Samtök atvinnulífsins hafa leitast við að ná samkomulagi við ríkisstjórnina um skattamálin og hafa nálgast viðfangsefnið af fullri ábyrgð með hliðsjón af nauðsyn þess að ná niður miklum halla á rekstri ríkissjóðs. Hafa þau m.a. bent á aðrar tekjuöflunarleiðir sem fela í sér minni röskun fyrir atvinnulífið. Ekki hefur verið fallist á tillögu samtakanna um að falla með öllu frá þessari óæskilegu skattheimtu, en samkvæmt athugasemdum við frumvarpið liggur fyrir að hún leggst að langmestu leyti á atvinnulífið, einkum orkufrekan iðnað, sjávarútveg, flutningastarfsemi, flugrekstur og ferðaþjónustu, en fyrirtækjum í þessum atvinnugreinum er auk þess ætlað að taka á sig auknar byrðar með hækkun virðisaukaskatts, veiðigjalds og tryggingagjalds. Er því ljóst að þessi nýja skattlagning mun skerða samkeppnishæfni íslensks atvinnulífsins.

Rétt er að benda á að í Noregi eru fiskiskipaflotinn, kaupaskipaútgerðir og flugrekstur undanþegin kolefnisskatti beint eða með endurgreiðslum. Frumvarpið mun því að óbreyttu skerða alvarlega samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í þessum atvinnugreinum sem mörg eiga í harðri samkeppni við norska keppinauta. Sérstaklega skal bent á að flutningskostnaður

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

er einn helsti liður sem íslensk fyrirtæki bera umfram helstu erlenda keppinauta. Má sem dæmi nefna að flutningskostnaður norskra fyrirtækja frá Noregi til Parísar er 30-50 kr/kg með flutningabíl, en flutningskostnaður íslenskra fyrirtækja er frakt í skipti 30-50 kr/kg eða 230-250 kr/kg með flugi, að viðbættum flutningsliðum innanlands. Kolefnisskatturinn mun því raska verulega samkeppnisstöðu m.a. íslenskra útflutningsfyrirtækja og minnka getu þeirra til að mæta auknum launakröfum næstu ára. Verða stjórnvöld að átta sig á að íslensk útflutningsfyrirtæki geta ekki tekið á sig meiri skattbyrðar en erlendir samkeppnisaðilar búa við.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skattur á rafmagn og heitt vatn verði tímabundinn til þriggja ára, en kolefnisgjald á fljóttandi jarðefnaeldsneyti verði varanlegt. Miðað við þær upplýsingar sem Samtök atvinnulífsins hafa fengið frá stjórnvöldum verður að ætla að hið síðarnefnda feli í sér mistök. Með hliðsjón af skaðsemi þessarar nýju skattlagningar fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem og af því að skattformið sem slíkt getur ekki talist viðunandi til langframa, geta Samtök atvinnulífsins með engu móti fallist á að kolefnisskattur samkvæmt frumvarpinu verði lögfestur ótímabundið og telja að alls ekki verði lengra gengið en svo að frumvarpið í heild gildi aðeins til eins árs.

Niðurstaðan sem birtist í þessu frumvarpi er eins konar málamiðlun af hálfu ríkisstjórnarinnar. Að baki hennar býr m.a. samkomulag sem stærstu notendum raforku í landinu hafa undirgengist um að greiða fyrirfram árlega samtals 1200 milljónir króna á næstu þremur árum upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013-2018. Í því felst mjög mikilsvert framlag þeirra til að létta undir með erfiðum rekstri ríkissjóðs. Um leið er horfið frá algjörlega óraunhæfum hugmyndum í fjárlagafrumvarpi um orku- og umhverfisskatta. Samtök atvinnulífsins vona að með þessari stefnubreytingu verði því afstýrt að horfið verði frá fjárfestingaráformum erlendra fjárfesta sem eru lykill að endurreisn íslensks atvinnulífs.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson, hagfræðingur

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9.12. 2009

Efni: Tillaga um breytingu á lögum um tekjuskatt með fækkun atvinnulausra að markmiði

Samtök atvinnulífsins gera svohljóðandi tillögu um breytingu á lögum nr. 90/2003 tekjuskatt.

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Maður sem ber fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og aflar tekna vegna vinnu erlendis samfellt í sex mánuði eða lengri tíma á rétt á því að heildartekjuskattur hans sé lækkaður um þá skattfjárhæð sem reiknast af hinum erlendu tekjum. Maður telst vinna erlendis samfellt í sex mánuði svo fremi að hann dvelji ekki hér á landi meira en 6 daga í hverjum mánuði allan ráðningartímann eða samtals lengur 36 daga miðað við hálf ár, 72 daga miðað við heilt ár o. s. frv. Dvelji maður erlendis við störf lengur en í tólf mánuði heldur hann rétti sínum til lækkunar á tekjuskatti af hinum erlendum tekjum jafnvel þótt launin sæti ekki skattlagningu í vinnulandinu ef skattundanþágan byggist á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum í vinnulandinu. Starfmenn ríkis og sveitarfélaga er fara erlendis til starfa á vegum launagreiðenda sinna eiga ekki rétt á lækkun tekjuskatts samkvæmt þessari grein. Sama gildir um þá sem starfa um borð í íslenskum skipum og loftförum.

Rök fyrir breytingartillögunni

Fyrir rúmu ári síðan varð íslenskt atvinnulíf fyrir miklum skakkaföllum þegar viðskiptabankarnir urðu gjaldþrota. Í framhaldinu varð mikill samdráttur varð í íbúðabyggingum og verklegum framkvæmdum. Fyrir hrun bankanna störfuðum um 14 þúsund manns í byggingariðnaði og mannvirkjagerð en þeim hefur fækkað um a.m.k. helming síðan og fækkar enn. Þessar aðstæður hafa orðið til þess að stærri verktakafyrirtæki landsins leita nú verkefna erlendis, m.a. í fjarlægum heimsálfum.

Fái fyrirtækin verkefni á þeim mörkuðum munu íslenskir starfsmenn keppa við erlent vinnuafli sem oft hefur mun lægri laun en greidd eru hér á landi. Við slíkar aðstæður er næsta víst að fyrirtækin muni frekar ráða innlenda menn en Íslendinga til starfa.

Atvinnuleysi hér á landi er nú meira en áður hefur þekkt og fer vaxandi. Lönd sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi hafa mörg hver smíðað kerfi sem styrkir samkeppnisstöðu innlends vinnuafls gagnvart erlendu við þær aðstæður sem hér eru gerðar að umtalsefni. Felst það í því að löndin bjóða þeim sem fara til vinnu erlendis í tiltekinn lágmarkstíma sérstakan skattaafslátt.

Samkvæmt honum eru hin erlendu laun undanþegin tekjuskatti að fullnægðum ákvæðnum skilyrðum um lengd vinnu í hinu erlenda ríki og dvöl hér á landi. Norðurlöndin eru meðal þeirra ríkja sem þetta hafa gert og því er eðlilegt að spurt sé hvers vegna slík ákvæði hafa ekki verið tekin upp á Íslandi. Yrði svona skattlagning tekin upp hér á landi væri tvímælalaust auðveldara fyrir þau íslensku fyrirtæki sem taka að sér framkvæmdir erlendis að hafa með sér Íslendinga að heiman. Með því móti yrði stuðlað að fækkun byggingamanna á atvinnuleysisskrá.

Samtök atvinnulífsins leggja því til við Efnahags- og skattnefnd Alþingis að hún beiti sér fyrir því að sambærileg ákvæði um skattaívilnun fyrir menn sem starfa að verkefnum erlendis í sex mánuði eða lengur og gilda á hinum Norðurlöndunum.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9.12. 2009


Efni: Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, 256. mál, sjómannaafsláttur

Afnám sjómannaafsláttar

Í 25. gr. a. er lagt til að sjómannaafsláttur verði afnuminn á fjórum árum þannig að hann falli niður árið 2014. Rökin fyrir sjómannaafslættinum eru þau helst að þeir sem vinna fjarri heimilum geti ekki nýtt sér samneyslu í sama mæli og aðrir. Gæta þarf jafnræðis í skattakerfinu, þ.e. að þeir sem vinna við svipuð skilyrði séu skattlagðir á svipaðan hátt, t.d. aðilar sem einnig vinna fjarri heimilum og njóta ekki samneyslunnar með svipuðum hætti og sjómenn. Við breytingar á skattkerfinu verður að líta til allra starfsstétta, en ekki taka eina út úr, og hljóta þau hlunnindi sem felast í gildandi reglum um greiðslu dagpeninga að verða hluti slíkrar endurskoðunar. Þá er rétt að minna á að sjómannaafsláttur mun tíðkast víðar en á Íslandi, m.a. á öllum Norðurlöndunum.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins





Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9.12. 2009

Efni: Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, 256. mál.

Þær breytingar sem í frumvarpinu felast á skattamálum fyrirtækja fela í sér ýmislegt óhagræði og hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir fyrirtækin. Þá mun kostnaður skattyfirvalda aukast verulega vegna breytinga á tölvukerfum og eftirlits með flóknara skattkerfi, eins og fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið. Þegar grundvallar breytingar á skattalegu umhverfi fyrirtækja eru fyrirhugaðar er óverjandi annað en að meta einnig kostnað fyrirtækja og áhrif á atvinnulífið. Þá ætti það að vera grundvallarforsenda að hafa náð samráð við sérfróða aðila þegar svo flóknar og umfangsmiklar breytingar eru gerðar á skattalegu umhverfi fyrirtækja og raun ber vitni.

Það verður jafnframt að mótmæla sérstaklega þeim vinnubrögðum sem eru viðhöfð í þessu máli. Hagsmunaaðilar fá aðeins örfáa daga til að kynna sér efni frumvarpsins sem hefur að geyma sumar mjög róttækar breytingar á hinu íslenska skattkerfi.

Undirrituð samtök gera auk þess athugasemdir við eftirtalin efnisatriði:

Skattlagning á gengishagnaði

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 8. gr. laganna að því er varðar gengishagnað af innlánsreikningum. Í greinargerð kemur fram að verið sé að kveða skýrar að orði án þess að neinar efnisbreytingar eigi sér stað. Það orðalag sem lagt er til í frumvarpinu er ekki skýrt og tæpast til bóta. Orðalagið „og/eða“ er dæmi um orðalag sem á tæpast heima í skattalögum.

Skattlagning arðs sem launatekjur

Í þriðju grein frumvarpsins er lögð til breytt skattlagning manna við tiltekna aðstæður, af arðgreiðslum sem þeir fá á grundvelli hlutareignar sinnar í félögum með takmarkaðri ábyrgð eigenda (hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum).

Aðstæður þær sem breyttri skattlagningu er ætlað að taka til eru tvíþættar. Annars vegar þær að arður, sem félag úthlutar til eigenda, er umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins. Rétt er að vekja athygli á því að „skattalegt bókfært eigið fé“

er óskýrt hugtak enda hvergi skilgreint í lögum. Hins vegar þær að hluthafi (maður) sem arðinn fær starfar við félagið og ber vegna þess starfs að reikna sér endurgjald fyrir vinnuframlag sitt.

Tillagan er sú að við þessar aðstæður skuli helmingur arðsins skattlagður hjá manningnum sem launatekjur en helmingur sem arðstekjur.

Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram sá tilgangur með tillögunni að bregðast við því að launagreiðslum til ráðandi manns í félagi sé haldið í lágmarki á sama tíma og hann fái verulegar arðgreiðslur úr félaginu. Rétt er að staldra við þessa forsendu. Í 2. mgr. 1. töluliðar A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga er kveðið á um að maður sem vinnur í þágu félags, sem hann er ráðandi aðili í vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, skuli reikna sér endurgjald (laun) vegna þeirrar vinnu. Í 58. gr. sömu laga er kveðið á um að reiknað endurgjald skuli ekki vera lægra en laun mannsins hefðu verið hefði vinnan verið í þágu óskylds eða ótengds fyrirtækis. Fjármálaráðherra er árlega gert að setja reglur um reiknað endurgjald að fengnum tillögum ríkisskattstjóra. Þannig er nú þegar til staðar lagaákvæði sem til þess er fallið að ná þeim tilgangi sem sagt er að stefnt sé að með tillögunni.

Tillagan byggir á forsendum reglna um reiknað endurgjald að því er varðar til hverra henni er ætlað að taka. Í þeim efnum eru reglur um reiknað endurgjald óskýrar. Hugtakið ráðandi aðili vegna eignar- og stjórnunaraðildar er óljóst og erfitt í framkvæmd. Verði tillagan að lögum mun enn frekar en hingað til reyna á það óljósa hugtak í skattframkvæmd. Hugtakið er ljóst þegar um einn eiganda er að ræða. En hvað um þær aðstæður að þeir nemi tugum eða hundruðum, eins og dæmi eru um hjá t.d. verkfræðistofum, og eigendurnir fara saman með það vald að vera ráðandi aðili?

Reglur þurfa að vera skýrar um það hvernig meta skuli til verðs vinnuframlag manna sem starfa við eigin atvinnurekstur og í þágu félaga sem þeir eiga og stýra. Sú tillaga sem hér er til umræðu bætir ekki á nokkurn hátt úr óskýrum reglum um reiknað endurgjald.

Jafnframt er tillagan sjálf háð eftirgreindum annmörkum.

Breyttri skattlagningu samkvæmt tillögunni er ætlað að taka til úthlutunar arðs yfir 20% skattalegs eigin fjár óháð því á hve löngum tíma það eigið fé hefur safnast upp. Í tillögunni er engin undantekning gerð þótt um sé að ræða uppsafnaðan hagnað margra ára. Þannig eiga að sæta harðari skattlagningu þeir starfandi hluthafar sem fá arð greiddan í einni hárrí fjárhæð á margra ára fresti, en þeir sem fá samanlagt jafn háa fjárhæð greidda í árlegum smáskömmtum á sama árabili. Í ákvæðinu felst að lagðar verða þyngri skattbyrðar á hluthafa sem byggt hafa félög sín upp með eigin fé, heldur en hluthafa félaga sem byggð hafa verið upp með lánsfé. Gengur það þvert á mikilvæg jafnræðissjónarmið og þau sjónarmið sem virðast búa að baki ákvæði því sem lagt er til í 8. grein frumvarpsins.

Í tillögunni er ekkert horft til þess hvað það er sem skapar hagnað til arðsúthlutunar. Tillögunni er þannig ekki einvörðungu ætlað að taka til þeirra tilvika að vinnuframlag hluthafa skapar hagnaðinn, heldur einnig til tilvika þar sem hagnaðinn má rekja til vörusölu, sölu rekstrarfjármuna, sölu vinnuframlags annarra starfsmanna, eða annarra atvika sem ekkert hafa með að gera verðmæti vinnuframlags hluthafanna. Í dæmaskyni má nefna hagnað félags af sölu atvinnurekstrarhúsnæðis. Sá hagnaður er ekki til kominn vegna vinnuframlags hluthafa og því óeðlilegt að skattleggja hann

sem laun í þeirra hendi þegar honum er úthlutað sem arði af hlutareign. Leiða má líkur að því að þessi regla muni draga úr vilja einstaklinga til að leggja atvinnurekstri til áhættufjármagn í formi eigin fjár og blasir raunar við að skynsamlegra verður að gera það með lánsfé ef menn yfir höfuð kæra sig um að koma að fjármögnun félaga sem þeir starfa hjá. Þetta þykir því skjóta nokkuð skökku við á tímum þar sem margir hafa talið að mikilvægt væri að auka tiltrú manna á þátttöku í atvinnurekstri með eiginfjárframlögum.

Með hliðsjón af framangreindu eru undirrituð samtök mótfallin þeirri breytingu sem felst í 3. grein.

Framlag launagreiðenda til öflunar lífeyrisréttinda umfram 2 m.kr. á ári talið til tekna einstaklings

Í 5. gr. er lagt til að framlag launagreiðenda til öflunar lífeyrisréttinda einstaklings umfram 2 m.kr. verði talið til tekna, þó ekki ef framlagið er samkvæmt kjarasamningi. Svo virðist sem verið sé að leita lausnar á mjög afmörkuðu vandamáli, væntanlega tengt stjórnendum, og leiðir þessi regla til þess að þeim er refsað sem hafa samið umfram skyldu við vinnuveitanda til að efla langtímasparnað sinn. Reglan felur í sér ójafnræði milli einstaklinga hvort þeir myndi réttindi samkvæmt kjarasamningi eða ekki. Framlag launagreiðenda er almennt 8% á almennum vinnumarkaði en 11,5% hjá hinu opinbera. Til viðbótar þessu er algengt að launagreiðendur greiði 2% mótframlag gegn séreignarsparnaði launamanna. Á opinbera vinnumarkaðnum er algengast að form launagreiðslna taki mið af kjarasamningum meðan á almenna vinnumarkaðnum er algengt að byggt sé á ráðningarsamningum sem eiga sér grunn eða beinar tilvísanir í kjarasamninga. Þó má geta þess að launamyndun hjá ýmsum hærra launuðum hópum á almennum vinnumarkaði, s.s. sjómönnum, flugmönnum og flugumferðarstjórum byggir alfarið á kjarasamningum. Hæpið er að það fái staðist almennar jafnræðisreglur að skattaleg kjör geti verið mismunandi eftir því hvort laun ráðast alfarið af kjarasamningum eða einungis að hluta til. Þá vaknar spurning um stöðu þeirra sem taka laun samkvæmt úrskurðum kjararáðs. Í lögum um lífeyrissjóði eru iðgjöld lögbundin að lágmarki 12% og það hlýtur að vera óeðlilegt að skylda tiltekna einstaklinga til þess að þola tvísköttun vegna aðildar að lífeyrissjóðum meðan hin almenna regla er að tekjur úr lífeyrissjóðum eru einungis skattlagðar við útgreiðslu.

10% eignarhlutur skilyrði frádráttarbærni arðgreiðslna milli fyrirtækja

Í 7. gr. er m.a. lagt til að heimild félaga, með takmarkaða ábyrgð eigenda, til þess að færa frádrátt sem nemur fengnum arði og hagnaði af sölu hlutabréfa verði takmörkuð við að félag eigi minnst 10% í félagi því sem arðinn greiðir eða sem seld eru hlutabréf í. Í athugasemdum er tillagan skýrð þannig að með henni séu reglurnar samræmdar tilskipun Evrópusambandsins.

Tillagan er til þess fallin að draga úr dreifðri eignaraðild að félögum, enda leiðir hún til þess að skattalega óhagkvæmt verður fyrir félög að eiga minni hlut í öðru félagi en nemur 10%. Gengur það gegn þeim sjónarmiðum sem njóta hljómgrunns, að stuðla skuli að dreifðu eignarhaldi félaga. Jafnframt leiðir tillagan til þess að arður verður margskattaður í þeim tilvikum að hann gengur frá einu félagi til annars á leið sinni til þeirra manna sem endanlega njóta arðsins. Gengur það á svig við þá grunnforsendur frádráttarheimildarinnar að raunverulegur skattur skuli alltaf vera sá sami í hendi endanlegs arðsnjótanda óháð því hvernig félagasamstæður eru upp byggðar.

Hvað varðar tilvísun í tilskipun Evrópusambandsins er rétt að benda á tvennt. Annars vegar heimilar tilskipunin ekki skattlagningu arðstekna milli félaga þegar eignarhlutur fer yfir 10% en bannar hins vegar ekki skattlagningu arðs ef eignarhlutur er undir þeim mörkum. Rétt er að benda á að mjög mismunandi er milli einstakra Evrópuríkja hvernig þau haga skattlagningu að þessu leyti. Hins vegar bindur hún ekki hendur Íslands í þessum efnum þar sem hún er ekki hluti Evrópska efnahagssvæðisins. Það er algjörlega ljóst að þessi regla mun draga úr vilja til að fjárfesta í íslenskum félögum. Þetta mun þýða það að raunskatthlutfall af atvinnurekstri í hendi endanlegs hluthafa getur orðið talsvert mikið hærra en þau 32,7% sem gengið er út frá að eigi að verða raunhlutfall á tekjur af atvinnurekstri lögaðila í hendi hluthafa, sbr. þær breytingar sem lagðar eru til á 17. gr.

Með hliðsjón af framangreindu eru undirrituð samtök mótfallin þeirri breytingu sem felst í 7. grein.

10% eignarhlutur skilyrði frádráttarbærni vegna hagnaðar af sölu hlutabréfa

Vísað er til athugasemdanna sem færðar eru fram hér að framan varðandi arðinn. Þessar breytingar broga algerlega samhengið í skattlagningu atvinnurekstrar og mun draga úr vilja til fjárfestinga í atvinnurekstri. Þetta mun hafa verulega þýðingu í framtíð og gera fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri miklum mun minna fýsilegan en verið hefur. Það skýtur nokkuð skökku við að í frumvarpinu virðist bæði lagst gegn því að aðilar fjármagni þátttöku sína í atvinnurekstri með eiginfé og líka með lánsfé, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Vaxtagjöld af skuldum sem færast yfir við samruna verði ekki frádráttarbær

Í 8. gr. er lagt til að við samruna félaga falli niður réttur sameinaðs félags til þess að telja til frádráttarbærra vaxtagjalda vexti af lánum sem eitt sameinaðra félaga hefur tekið til fjármögnunar kaupa á hlutum í öðru félagi sem sameinað er.

Tilgangur reglunnar er að koma í veg fyrir takmarkaða eiginfjármögnun við yfirtöku eignarhaldsfélaga á rekstrarfélögum. Leiðin að markmiðinu er hins vegar ekki skynsamleg. Mun hún hafa áhrif umfram það sem til er ætlast og mun gera endurskipulagningu fyrirtækja erfiða. Þessi regla þekkist ekki í öðrum löndum. Nær væri að líta til þeirra leiða sem aðrar þjóðir hafa farið og lúta að reglum um þunna eiginfjármögnun („thin capitalization“).

Hér er lagt til frávik frá þeirri meginreglu að við samruna félaga yfirtaki sameinað félag öll réttindi og allar skyldur þeirra félaga sem sameinast. Frávikið felur í sér að skattalega verður óhagkvæmara að sameina félög við þessar aðstæður en að halda þeim sem tveimur sjálfstæðum lögaðilum, enda þótt að öðru leyti kunni að vera hagkvæmara að sameina þau. Ef ekki er sameinað hefur það félag sem stofnar til skuldar af umræddri ástæðu rétt til að færa vexti af skuldinni til frádráttar í skattskilum sínum. Sá réttur helst þótt félögin séu samsköttuð. Verði tillagan að lögum mun hún sýnilega hafa þau áhrif ein að hindra samruna við þessar aðstæður og það rekstrarlega hagræði sem samruni felur í sér. Tillagan mun hins vegar ekki leiða til aukinna skatttekna ríkissjóðs.

Það er rétt líka að vekja sérstaka athygli á því að í athugasemdum frumvarpsins er látið að því liggja að hér sé ekki um neina efnisbreytingu að ræða og að það hafi verið afstaða skattýfirvalda að regla þessi væri í reynd í lögum en rétt sé „að taka af öll tvímæli um að annars vegar sé hlutafélagi ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum kostnað við að kaupa félagið sjálft og hins vegar verður ekki dreginn frá skattskyldum tekjum kostnaður sem fellur til vegna ófrádráttarbærra greiðslna, eins og vaxtagjöld af lánum sem stofnað er til við úthlutun arðs.“ Það má út af fyrir sig vera að einhverjir starfsmenn ríkisskattstjóra séu þessar skoðunar, en það hafa engir dómur eða úrskurðir yfirs kattanevndar fallið til að staðfesta þessi viðhorf. Kjarni málsins er sá að skattamálum skal skipað með lögum og engin regla af þessu tagi er í gildandi lögum. Að láta í veðri vaka að svo sé er í besta falli villandi ef ekki beinlínis rangt. Staðreyndin er sú að fjöldi fyrirtækja hefur undanfarin ár sameinast öðrum í kjölfar fyrirtækjakaupa og hefur fjármögnun oftast en ekki verið blanda af eiginfjármögnun og lánsfjármögnun. Það má segja að það geri ekkert nema að hamla gegn endurreisn íslensks atvinnulífs að setja reglur af þessu tagi og er það skoðun Samtaka atvinnulífsins að hér fari menn alranga leið að því markmiði að draga úr skuldsettum yfirtökum hér á landi.

Með hliðsjón af framangreindu eru undirrituð samtök mótfallin þeirri breytingu sem felst í 8. grein.

Viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald

Í 11. grein er m.a. að finna svohljóðandi tillögu: „Við ákvörðun lágmarksendurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf að viðbættum hvers konar hlunnindum og skiptir ekki máli hvernig þau eru greidd eða í hvaða formi þau eru.“ Í athugasemdum er sú tillaga skýrð með þessum orðum: „Þá er lagt til að tekinn verði af allur vafi um það að reiknað endurgjald samkvæmt árlegum viðmiðunarreglum er miðað við almenn mánaðarlaun án hlunninda og er þannig lágmarksfjárhæð. Þannig skal t.d. tekjufærð bifreiðahlunnindi til viðbótar reiknuðu endurgjaldi samkvæmt viðmiðunarreglum en óheimilt er að lækka þær lágmarksfjárhæðir sem hlunnindunum nemur.“

Hér stangast alvarlega á texti ákvæðisins og skýringar á honum. Samkvæmt orðanna hljóðan felur tillagan í sér að við setningu reglna um reiknað endurgjald skuli hliðsjón höfð af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf óháð því með hvaða verðmætum þær raunverulegu tekjur eru greiddar, þ.m.t. greiðsla þeirra í formi hlunninda. Skýringar í athugasemdum eru hins vegar á allt annan veg. Samkvæmt skýringunum á reiknað endurgjald ekki að innihalda laun greidd í hlunnindum, heldur eiga menn til viðbótar reiknuðu endurgjaldi að telja sér til tekna hlunnindi sem þeir njóta. Sú skoðun sem fram kemur í skýringunni fær engan veginn staðist.

Með reiknuðu endurgjaldi er ákvarðað verðmæti vinnuframlags. Verðmæti vinnuframlagsins er eitt og það sama hvort heldur það er greitt í peningum, vörum, hlunnindum eða alls ekki greitt. Hér þarf að hafa í huga að mönnum er skylt að reikna endurgjald jafnvel þótt þeir hafi ekki fengið greidd verðmæti sem svara til reiknaða endurgjaldsins. Það virðist því vera misskilningur sem fram kemur í skýringunni og væri eðlilegt að leiðrétta hann í nefndarálit.

Hækkun fjármagnstekjuskatts í 18%

Í 14. gr. er m.a. lagt til er lagt til að hlutfall skatts á fjármagnstekjur, þ.m.t. á vaxtatekjur af innlánnum, manna utan atvinnurekstrar hækki ótímabundið í 18%. Af því tilefni er ástæða til að benda á að um er að ræða skattlagningu nafnvaxta en ekki raunvaxta og það án nokkurs frádráttar.

Nafnvextir af innlánsreikningum eru um þessar mundir að jafnaði undir verðbólgu. Því er um að ræða verulega skattlagningu án þess að nokkur raunávöxtun falli til.

Samanburður á skatthlutfalli fjármagnstekjuskatts milli Íslands og nálæggra landa er ekki sanngjarn þar sem verðbólga hefur undantekningarlítið verið margföld hér á landi en annars staðar, auk þess sem erlendis er almennt heimilt að færa vaxtagjöld til frádráttar vaxtatekjum þegar kemur að útreikningi fjármagnstekjuskatts. Raunskatturinn getur því orðið mun hærri hér á landi en í nálægum ríkjum þótt hlutfallið sé lægra. Raunvextir á sparnaði í innlánsstofnunum eru neikvæðir á þessu ári og er því skatturinn tekinn af þeim hluta vaxta sem viðhalda raunvirði höfuðstólsins og því felur skattlagningin í sér að raunvirði sparnaðarins er rýrt. Það má leiða að því líkur að þessi breyting mun verulega draga úr vilja manna til sparnaðar.

Þriggja þrepa tekjuskattur

Í 14. gr. er lagt til að tekið verði upp 24,1% skattþrep á tekjuskattstofn að 2,4 m.kr., 27% af næstu 5,4 m.kr. og 33% af því sem umfram er 7,8 m.kr.

Undirrituð samtök eru andvíg margra þrepa tekjuskattkerfi. Núverandi tekjuskattkerfi með einu þrepi og háum persónuafslætti er stighækkandi eftir tekjum og þarf því ekki mörg þrep til að ná þeim eiginleika. Ef vilji er til þess að gera skattstigann brattari er unnt að ná því markmiði með herra skatthlutfalli og hærri persónuafslætti. Breyting samkvæmt frumvarpinu hefur þann megingalla að skattgreiðslur færast í auknum mæli í eftirgreiðslu eftir álagningu sem veldur launamönnum miklu óhagræði. Þá felur breytingin í sér að hjón með sömu tekjur bera mismikla skattbyrði eftir því hvernig samsetning þeirra er. Þessar breytingar munu hafa óhagræði, aukinn kostnað og ýmsar ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér. Flækjustig framkvæmdarinnar mun auk þess auka á skattsvik og svarta atvinnustarfsemi. Benda má á að Danir hafa nýlega fækkað skattþrepum úr þremur í tvö þannig að þessi breyting er þvert á þá þróun sem á sér stað á Norðurlöndum. Umræður eru einnig hafnar í Svíþjóð um lækkun hæstu hlutfalla.

Tekjuskattur af takmarkaðri skattskyldu

Í 17. gr. eru gerðar verulegar breytingar á 70. gr. laganna um tekjuskatt sem fjallar um takmarkaða skattskyldu sem felast í því að skattandlag erlendra lögaðila verður ekki lengur tekjuskattstofn heldur tekjur. Með öðrum orðum er lagt til að tekjur erlendra aðila af t.a.m. vöxtum verði skattlagðar brúttó en ekki nettó eins og er samkvæmt gildandi lögum. Þessi breyting mun draga úr vilja erlendra aðila til þess að koma með fjármagn til Íslands, einmitt á þeim tímum þar sem æskilegt væri að laða erlendar fjárfestingar til landsins. Frumvarpið felur þannig í sér að erlendir fjárfestar verða skattlagðir þyngra en innlendir fjárfestar, þar sem innlendir fjárfestar geta dregið kostnað frá við afmörkun skattstofns á meðan girt er fyrir það með fyrirhuguðum breytingum þegar erlendir fjárfestar eiga í hlut.

Hækkun tekjuskatts lögaðila

Í 18. gr. er lagt til að tekjuskattur lögaðila hækki úr 15% í 18% og úr 23,5% í 32,7%. Undirrituð samtök hafa ekki gert athugasemd við tímabundna hækkun þessara hlutfalla í viðræðum við stjórnvöld um stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Á hinn bóginn er rétt að vekja sérstaka athygli á því að samhengið á milli nafnhlutfalla hinna ólíku rekstrarforma er gert að engu með þeim breytingum sem eru lagðar til varðandi skattalega meðferð á arði og eru ítrekuð áður nefnd mótmæli gegn þeim fyrirætlunum.

Auðlegðarskattur

Í 25. gr. frumvarpsins er lögð til upptaka tímabundins skatts á eignir manna yfir ákveðnum mörkum („auðlegðarskatt“). Lagt er til að við útreikning skattstofnsins verði vikið frá þeirri almennu reglu tekjuskattslaga að hlutabréf skuli talin fram á nafnverði. Lagt er til að raunvirði hlutabréfanna myndi skattstofn. Raunverðið skal vera markaðsvirði í þeim tilvikum að hlutabréfin eru skráð á markaði. Í öllum öðrum tilvikum, hvort heldur um stóran eða lítinn hlut er að ræða, skal raunvirði hluta í félagi nema hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins. Eigi félagið hluti í öðrum félögum þarf með sama hætti að reikna raunvirði þeirra eignarhluta, og þannig koll af kolli. Getur sú keðja orðið æði löng, t.d. getur maður átt hlut í skipafélagi, sem á hlut í flugfélagi, sem á hlut í fjárfestingarfélagi, sem á hlut í banka, sem á hlut í váttryggingafélag, o.s.frv.

Hugtakið „skattalegt bókfært eigið fé“ er grundvallarhugtak í þeirri aðferðafræði sem lögð er til. Það hugtak er hins vegar fjarri því að vera skýrt enda hvergi skilgreint í lögum. Engar leiðbeiningar eru heldur að finna í frumvarpinu hvernig einstakir skattgreiðendur eigi að verða sér úti um þær upplýsingar sem þarf til að geta talið fram á þessum grundvelli.

Lögum samkvæmt skulu menn telja fram til skatts á fyrri hluta árs en félög á síðari hluta árs. Á þeim tíma þegar einstaklingar þurfa að leiða eignarskattstofn sinn fram með framangreindum hætti liggja því ekki fyrir forsendur til þess að reikna skattalegt bókfært eigið fé félaga. Þeim verður því alls ómögulegt að telja fram með þeim hætti sem lagður er til í ákvæðinu. Síðan er spurning hvernig ætlast er til að erlendar eignir séu metnar. Hvert verður skattalegt bókfært verðmæti í þeim tilfellum? Það styrkir ekki skattframkvæmd að leiða í lög ákvæði sem eru óframkvæmanleg og þar með í eðli sínu marklaus. Rétt er að vekja athygli á því að ákvæðin eiga að taka gildi nú um áramótin og leggjast á eignir í árslok 2009. Í þessu felst afturvirkni sem ástæða er til að mótmæla.

Leiðrétting skatta aftur í tímann

Í 21. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 101. gr. laganna sem láta lítið yfir sér, en hafa mikla þýðingu. Hingað til hafa engar skorður verið lagðar við því að skattaðilar geti fengið leiðréttingu skatta sinna aftur í tímann ef sýnt þykir að skattlagning hefur ekki verið með réttum hætti. Hefur þannig verið lagt til grundvallar að kerfið eigi að tryggja að skattar eigi að vera réttir. Í frumvarpinu er lagt til að ekki verði heimilt að fara lengra aftur en 6 ár. Ekki verður séð að nein sérstök nauðsyn sé fyrir þessum breytingum sem er fallin til þess að draga úr réttarvernd borgaranna, sem

hingað til hafa getað fengið leiðréttingar mun lengur. Má í þessu sambandi vekja athygli á því að skattkröfur í innheimtu geta oft verið mun eldri en sex ára. Í frumvarpinu er talað um ríkisskattstjóri geti vikið frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Í greinargerð er talað um að „hlutlægt mat“ ríkisskattstjóra. En eðli máls samkvæmt hlýtur þetta mat að vera huglægt, nema þá að lög kveði á um einhver hlutlæg skilyrði fyrir heimild til endurupptöku lengra aftur í tímann. Er hér um að ræða breytingu sem er algerlega óþörf og dregur úr réttarvernd borgaranna.

Hækkun atvinnuþryggingagjalds

Í 39. gr. er lagt til að atvinnuþryggingagjald hækki úr 2,21% í 3,81%. Þessi breyting leiðir af gildandi lögum um að atvinnuleysisbætur séu fjármagnaðar af atvinnuþryggingagjaldi sem leggst á tryggingagjaldstofn. SA gera ekki athugasemdir við þessa hækkun enda lækki gjaldið á ný þegar atvinnuleysi minnkar.

Afskriftir af skuldum fyrirtækja

Samtök atvinnulífsins og Samtök fjármálafyrirtækja komu fyrir Efnahags- og skattanefndu þann 3. nóvember sl. til þess að fjalla um skattalega meðferð afskrifta af skuldum fyrirtækja. Ekki hafa verið lagðar fyrir Alþingi neinar breytingar á lögum um tekjuskatt til þess að mæta þeim aðstæðum sem upp koma við úrlausn á fyrirliggjandi skuldavanda fyrirtækja. Samtökin leggja til að breyting verði gerð á 3. tölulið 28. gr. tekjuskattlaga: (þ.e. hvað ekki telst til tekna):

Eftirgjöf skulda við nauðasamninga þar með talið nauðasamninga til greiðsluáðlögunar samkvæmt X. kafla laga nr. 21/1991 nema eftirgjöfin valdi aukningu á eignum umfram skuldir, það er hreinni eign eða skuldin sé afskrifuð meira en sem nemur markaðsverði hennar í verslun og viðskiptum á hlutaðeigandi stað og tíma.

Hafi skuld myndast í tengslum við atvinnurekstur skal tekjufæra niðurfellingu skuldar allt að því marki að ónýtt rekstrartap á því ári, sem skuld er gefin eftir, þurrkast út. Þann hluta skuldar, sem þá stendur eftir ótekjufærður, skal setja á sérstakan biðreikning til tekjufærslu á móti ónýttu rekstrartapi atvinnurekanda næstu fimm árin talið frá og með því ári, er nauðasamningur, þar með talið nauðasamningur til greiðsluáðlögunar, var staðfestur. Standi eitthvað eftir af skuldinni ótekjufært á biðreikningnum eftir það tímamark fellur það niður.


Fjármálaráðherra setur reglugerð um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

Skattlagning eingreiðslna við útgreiðslu sjúkdómatryggingabóta

Samtökin leggja til að breyting verði gerð á 2. tölul. 28. gr. til að taka af allan vafa um að eingreiðsla útgreiðsla sjúkdómatryggingafjár (bóta) leiði ekki til skattskyldu. Slíkt er tvísköttun, enda er útgreiðsla slíkra bóta skattfrjáls í öllum nágrannaríkjum. Hérlandis hefur þetta verið skattlaus framkvæmd í 14 ár, en úrskurður skattstjóra Reykjaness fyrr á þessu ári, sem í sumar var staðfestur af Yfirskattanefnd, breytir því. Það mál er nú fyrir dómstólum en á meðan búa 44.000 skirteinishafar sjúkdómatrygginga, sem og þau líffryggingafélög sem bjóða slíkar tryggingar, við óvissu í þessum efnun.

Virðingarfyllst,


Samtök atvinnulífsins




Samtök atvr. í raf- og tölvuiðnaði




Samtök fiskvinnslustöðva




Samtök iðnaðarins




Landssamband íslenskra útvegsmanna



Samtök ferðaþjónustunnar



Samtök fjármála fyrirtækja



SVP-Samtök verslunar og þjónustu

